

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 218/2014****2015/EES/52/10****frá 24. október 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 334/2014 frá 11. mars 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra að því er varðar tiltekin skilyrði um aðgang að markaði <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 405/2014 frá 23. apríl 2014 um að samþykkja lárinsýru sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 406/2014 frá 23. apríl 2014 um að samþykkja etýlbútýlasetylámínprópiónat sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 407/2014 frá 23. apríl 2014 um að samþykkja transflútrín sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 408/2014 frá 23. apríl 2014 um að samþykkja tilbúið, myndlaust kísildíoxíð sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 437/2014 frá 29. apríl 2014 um að samþykkja 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóbíásól-3-ón sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 438/2014 frá 29. apríl 2014 um að samþykkja sýprókónasól sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/227/ESB frá 24. apríl 2014 um að samþykkja ekki tiltekin sæfandi, virk efni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(8)</sup>.
- 9) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012):  
„– **32014 R 0334**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 334/2014 frá 11. mars 2014 (Stjtið. ESB L 103, 5.4.2014, bls. 22).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 103, 5.4.2014, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 8.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 11.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 14.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 17.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 64.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 68.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 124, 25.4.2014, bls. 27.

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12ns (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 94/2014):
- „12nt. **32014 R 0405**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 405/2014 frá 23. apríl 2014 um að samþykkja lárinsýru sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 (Stjtið. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 8).
- 12nu. **32014 R 0406**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 406/2014 frá 23. apríl 2014 um að samþykkja etýlbútýlasetýlamínprópiónat sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 (Stjtið. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 11).
- 12nv. **32014 R 0407**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 407/2014 frá 23. apríl 2014 um að samþykkja transflútrín sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtið. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 14).
- 12nw. **32014 R 0408**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 408/2014 frá 23. apríl 2014 um að samþykkja tilbúið, myndlaust kísildíoxíð sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtið. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 17).
- 12nx. **32014 D 0227**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/227/ESB frá 24. apríl 2014 um að samþykkja ekki tiltekin sæfandi, virk efni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 124, 25.4.2014, bls. 27).
- 12ny. **32014 R 0437**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 437/2014 frá 29. apríl 2014 um að samþykkja 4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (Stjtið. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 64).
- 12nz. **32014 R 0438**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 438/2014 frá 29. apríl 2014 um að samþykkja sýprókónasól sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjtið. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 68).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 334/2014 og framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 405/2014, (ESB) nr. 406/2014, (ESB) nr. 407/2014, (ESB) nr. 408/2014, (ESB) nr. 437/2014 og (ESB) nr. 438/2014 og framkvæmdarákvörðunar 2014/227/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.